



Lúxemborg, 1. júní 2022

FRÉTTATILKYNNING 03/2022

Dómur í máli E-4/21 *Sýn hf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA*

ÁKVÖRÐUN ESA UM SÆSTRENG FELLD ÚR GILDI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag felldi EFTA-dómstóllinn úr gildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) dags. 26. mars 2021 um ríkisaðstoð til Farice ehf. vegna fjárfestingar í þriðja sæstreng frá Íslandi til Evrópu.

Í ákvörðun sinni komst ESA að þeirri niðurstöðu að aðstoð til Farice ehf. teldist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins („EES“). ESA taldi engan vafa leika á því að ríkisaðstoðin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins sbr. c-lið 3. mgr. 61. gr. EES og gerði því engar athugasemdir við ríkisaðstoðina. ESA er heimilt að ljúka máli varðandi ríkisaðstoð með forathugun ef enginn vafi leikur á að ríkisaðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins, ella er stofnuninni skylt að hefja formlega rannsókn.

Sýn hf. höfðaði mál fyrir EFTA-dómstólnum og gerði kröfu um ógildinguna ákvörðunarinnar. Ógildingarkrafan var reist á tveimur málsástæðum. Í fyrsta lagi, að ESA hefði brugðist skyldu sinni til að hefja formlega rannsókn á málinu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. fyrsta hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („SED“), þar sem ESA hefði átt að telja vafa leika á því hvort ríkisaðstoðin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins. Í öðru lagi, að ESA hefði brugðist skyldu sinni samkvæmt 16. gr. SED til að rökstyðja ákvarðanir sínar.

EFTA-dómstóllinn vísaði til þess að lögmæti ákvörðunarinnar um að hreyfa ekki andmælum ylti á því hvort mat ESA á upplýsingum sem lágu fyrir við forathugun á máli hefði, hlutlægt séð, átt að vekja efasemdir um hvort ríkisaðstoðin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins. Þá benti EFTA-dómstóllinn á að ESA væri skylt að hefja formlega rannsókn ef stofnunin gæti ekki rutt úr vegi öllum vafaatriðum eða vandkvæðum varðandi ríkisaðstoðina.

Í dómi sínum taldi EFTA-dómstóllinn að Sýn hf. hefði sýnt fram á að ESA hefði verið kunnugt um gögn sem drægu í efa þær upplýsingar sem ESA byggði ákvörðun sína á, án þess að ESA hefði rannsakað nánar gögnin sem íslensk stjórnvöld lögðu fram í málinu. Þá taldi EFTA-dómstóllinn einnig að mat ESA á gildissviði leiðbeiningarreglna sinna hefði verið ófullnægjandi. Benti það einnig til þess að ESA hefði átt við töluverða erfiðleika að stríða í forathugun sinni á málinu. Komst EFTA-dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að sýnt hefði verið fram á að ESA hefði tekið umrædda ákvörðun þrátt fyrir að stofnunin hefði ekki yfirstigið allan vafa um hvort ríkisaðstoðin samrýmdist framkvæmd EES-samningsins. Af því leiddi að ógilda yrði ákvörðunin. Þar sem ákvörðunin var ógilt á þessum grundvelli þurfti ekki að taka afstöðu til þess hvort ESA hefði rökstutt ákvörðun sína í samræmi við 16. gr. SED.

Dómurinn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: <http://www.eftacourt.int>

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.